

Hestamannafélagið Skuggi

Aðalfundur 4. desember 2012 – fundargerð

Setning

Stefán Logi Haraldsson formaður Skugga setti fund kl. 20:10 og bauð fundarmenn velkomna, fór yfir dagskrá fundarins og þau erindi og tillögur sem fram verða lagðar. Í upphafi fundar voru 44 félagar mættir. Gerði hann tillögu um Inga Tryggvason sem fundarstjóra og Helgu Björk Þorsteinsdóttir og Kristján Gíslason ritara fundarins. Tók Ingi við stjórn fundarins og gaf því næst formanni orðið.

Skýrsla stjórnar

Stefán Logi formaður fór yfir starfið frá síðasta aðalfundi. Starfið hefur verið afar öflugt á árinu. Mörg mót haldin, bæði á vegum félagsins og í samstarfi við Hmf. Faxe. Árangur barna og unglunga á Landsmóti í Reykjavík afar góður og eftirtektarverður og speglar þannig öflugt æskulýðsstarf á árinu. Fór nokkrum orðum um framkvæmdir á vegum félagsins en mikið var framkvæmt á vallarsvæðinu – völlurinn mældur út, ofaníborinn og girðing umhverfis hann endurnýjuð. Er ásýnd hans nú allt önnur og betri en áður var. Færði hann nefndarmönnum öllum sem og öðrum sem að starfi og framkvæmdum félagsins komu á árinu þakkir fyrir öflugt starf og gott.

Skýrsla stjórnar í heild sinni aðgengileg á heimasíðu félagsins (www.hmfskuggi.is)

Fundarstjóri þakkaði formanni skýrsluna og gaf því næst gjaldkera félagsins orðið - kynnti hann reikninga félagsins.

Reikningar

Arnar Már Gíslason gjaldkeri skýrði reikninga síðasta starfsárs. Helstu tölur úr reikningum eru eftirfarandi.

Rekstrarreikningur

Rekstur: Tekjur samtals 4.466.981 kr. Gjöld alls 5.044.998 kr. Rekstrartap alls 578.017 kr.

Efnahagsreikningur

Eignir: 32.208.760 kr. Skuldir 105.475 kr. Eigið fé 32.103.285 kr.

Reikningar undirritaðir af skoðunarmönnum og gjaldkera.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Bjarni Jóhannsson ræddi um girðingarstyrk. Helgi Helgason ræddi það blómlega starf sem verið hefur í félaginu síðasta starfsár og þakkaði stjórninni og öllum þeim sem komið hafa að starfi. Hann spurði um útistandi félagsgjöld, hvort þau hefðu innheimst. Marteinn Valdimarsson þakkaði starfið

undanfarið ár. Ræddi um framkvæmdir við völlinn í vor og við félagsheimilið í haust. Hvatti hann menn til að taka þátt í sjálfboðavinnu sem kallað er til. Ræddi beitarálag en einhver beitarhólf hafi verið ofbeitt í sumar. Taldi hann að girðingarhafar ættu að fá upplýsingar er að þeim snúa.

Arnar greindi frá því að öll félagsgjöld eru innheimt, ef einhverjir skulda þá ganga þeir úr félaginu. Stefán Logi svaraði fyrirspurn um beitarálag. Kallað hefur verið eftir upplýsingum frá umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins en þær hafa ekki borist. Sumarið var ekki hagstætt hvað varðar grassprettu vegna þurrka. Ámundi þakkaði góða skýrslu. Spurði hvort einhver frá félaginu hefði verið með í því að meta girðingar. Stefán Logi svaraði því til að farið hefði verið í þessa skoðun án vitundar stjórnar félagsins. Marteinn tók til máls um beitarálag. Ítrekaði hann þá skoðun sína að félagið fengi niðurstöður rannsóknarinnar.

Fundarstjóri bar því næst upp til atkvæða reikninga félagsins og voru þeir samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Gjaldkeri kynnti áætlun næsta starfsárs. Tekjur alls kr. 6.000.000.- Gjöld samtals kr. 6.000.000.- Ennfremur kr. 500.000. – til eignfærslu í Reiðhöllin Vindás ehf.

Ámundi spurði um fjármagn til vallar – Reynir fór yfir það sem áætlað er að gera. Ámundi taldi þetta verulega vanáætlað. Marteinn spurði um fjármögnun vegna Íslandsmót 2013. Helgi Gissurarson taldi að leggja þyrfti um 5 millj. kr. í vallarsvæðið til að halda megi Íslandsmót. Stefán Logi fór yfir nokkra þætti áætlunar. Ekki er lagaskylda að leggja fram áætlun en það hefur verið gert undanfarin ár. Ljóst er að fleiri en Skuggi koma að framkvæmd Íslandsmóts, Faxi er framkvæmdaraðili. Ræddi æskulýðsstarfið og þá möguleika sem eru á frekari fjárframlögum til þess. Ámundi ræddi æskulýðsmálin og ítrekaði það að of lítið væri áætlað til nokkurra stórra þátta. Marteinn taldi að sú upphæð sem fram kæmi í áætlun væri það sem félagið sjálft legði fram t.d. til vallarframkvæmda.

Skýrslur nefnda.

Rafmagnsnefnd – Guðmundur Arason fór yfir málefni rafmagnssjóðs. Hagnaður sjóðsins 178.400þ. – Til í sjóði eru 3.045.000.- Hann þakkaði nefndarmönnum og félögum öllum samstarfið. Verið er að vinna að lýsingarmálum í hverfinu og gengur vel.

Reiðveganefnd – Marteinn Valdimarsson fór yfir skýrslu reiðveganefnar. Haldnir hafa verið tveir formlegir fundir á árinu. Áherslur hafa verið á það að bæta leiðina vestur að Langá. Eins að hefja framkvæmdir við reiðveg milli Lækjarkots og Brennistaða. 1.375 þús. fengust í framlög úr reiðvegassjóði LH og fór sú upphæð í ruðninginn vestur að Langá. Framkvæmdir drógust á langinn en er nú lokið. Frá Vegagerðinni fengust um 800 þús. kr. Búið er að fá leyfi til að leggja veg í gegn um Brennistaðaland. Hafin er vinna við girðingar meðfram leiðinni og er því verki að mestu lokið. Væntanlega verður efni ekið út fljótlega.

Æskulýðsnefnd – Auður Ásta flutti skýrslu æskulýðsnefnar. Skýrslan liggur fyrir og er aðgengileg á heimasíðu félagsins sem og LH.

Ferðanefnd – Stefán Logi fór yfir skýrslu hennar í forföllum Sæmundar Jónssonar – Ferð í Rauðanes á föstudaginn langa, síðsumarsferð í Kolbeinsstaðahrepp. Móttaka í Hallkelsstaðahlíð og gist í Lindartungu.

Mótanefnd – Stefán Logi fór yfir skýrslu hennar. Öflugt starf á árinu, mótaröð KB – Húsasmiðjumót – Firmakeppni – opið íþróttamót – úrtaka fyrir LM. Gæðingakeppni félagsins féll niður vegna þátttökuleysis en í staðinn var haldið æfingarmót fyrir börn og unglinga sem tókst vel.

Vallarnefnd – Stefán Logi fór yfir skýrslu hennar. Helsta verkefnið var að fegra og bæta völlinn, bæði undirlag sem og girðingar. Tókst það vel.

Skýrslur komu ekki frá fleiri nefndum. Skýrslur nefnda má nálgast á heimasíðu Skugga.

Bjarni Jóhannsson ræddi hversu ánægjulegt væri að fram kæmi hversu þróttmikið starf væri unnið í nefndum. Ræddi um nauðsyn þess að nota þyrfti þá peninga sem fengist hafa til framkvæmda innan tilskilins tíma. Ámundi ræddi hversu góð kynning á félaginu þeir unglingar sem fóru á Landsmót voru.

Breytingar á félagatali

Formaður las upp nöfn þeirra er gengið hafa í félagið á árinu, 14 félagar hafa óskað inngöngu. Var þeim fagnað með lófataki.

15 félagar ganga úr félaginu.

Kaffihlé

Kosningar

Stefán Logi kynnir tillögur til stjórnar og nefnda.

Stjórn og nefndir, fyrir árið 2012-2013

Stjórn:

Stefán Logi Haraldsson, formaður	Kjörinn til 1 árs
Helga Björk Þorsteinsdóttir	Kjörin til 1 árs
Reynir Magnússon	Kjörinn til 1 árs
Arnar M. Gíslason	Kjörinn til 2ja ára
Sigurþór Óskar Ágústsson	Kjörinn til 2ja ára

Varastjórn:

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir	Kjörin til 1 árs
Sigríður Jóna Sigurðardóttir	Kjörin til 2ja ára

Skoðunarmenn reikninga:

Ingi Tryggvason

Marteinn Valdimarsson

Nefndir:

Æskulýðsnefnd: (5 manna)

Margrét Eggertsdóttir, form.

Ásberg Jónsson

Rúnar Karl Jónsson

Sigurður E. Stefánsson

Eva Símonardóttir

Fræðslu- og skemmtinefnd: (5 manna)

Auður Ásta Þorsteinsdóttir, form.

Gunnar Halldórsson

Benedikt Línal

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir

Jökull Helgason

Ferðanefnd: (5 manna)

Sigríður Helga Skúladóttir, form.

Sæmundur Jónsson

Halldóra Jónasdóttir

Magnús Ólafsson

Guðrún Þorsteinsdóttir

Mótanefnd: -Innimót (5 manna)

Sigurður E. Stefánsson, form.

Pétur Sumarliðason

Adam Orri Vilhjálmsson

Janna Nowak

Margrét Hildur Pétursdóttir

Mótanefnd: -Útimót (5 manna)

Sigurður Arelíusson, form.

Jón Kristján Sæmundsson

Hrannar Hjaltason

Helgi K. Helgason

Guðmundur Skúli Halldórsson

Vallarnefnd: (3 menn)

Pétur Sumarliðason, form.

Reynir Magnússon

Halldór Sigurðsson

Firmanefnd: (5 manna)

Bragi Þór Svavarsson, form.

Elín Davíðsdóttir

Arnar M. Gíslason

Jórunn Guðsteinsdóttir

Stefán Logi Haraldsson

Umhverfisnefnd: (5 manna)

Þorlákur Magnús Hansen Níelsson, form.

Jón Kristinn Kristjánsson

Davíð Sæmundsson

Óli Björgvin Hilmarsson

Sigurður Oddsson

Reiðveganefnd: (5 manna)

Marteinn Valdimarsson, form.

Arnar M. Gíslason

Bjarni H. Johansen

Guðmundur Guðsteinsson

Guðjón Guðlaugsson

Húsnefnd Félagsheimilis: (5 manna)

Margrét Grétarsdóttir, form.

Sigurbjörg Sigmundsdóttir

Þorsteinn Viggósson

Þorsteinn Eyþórsson

Þórður Sigurðsson, Bökkvangsgötu 27, Bgn.

Kaffinefnd: (8 manna)

Kristín Ingólfssdóttir, form.

Sigríður Magnúsdóttir

Bjargey Magnúsdóttir

Sigurborg Þórarinsdóttir

Guðríður Guðjónsdóttir

Rannveig Heiðarsdóttir

Sandra Bergsdóttir

Rafmagnsnefnd: (3 manna)

Rúnar Karl Jónsson, form.

Lilja Ósk Ólafsdóttir

Guðmundur A. Arason

Beitarnefnd: (5 manna)

Ólafur Þorgeirsson, form.

Andrés Jóhannsson

Sævar Þórisson

Sigurður Örn Sigurðsson

Bragi Þór Svavarsson

Laganefnd: (3 manna)

Stefán Logi Haraldsson, form.

Guðmundur A. Arason

Jón Þór Jónasson

Kynbótanefnd: (5 manna)

Halldór Sigurðsson, form.

Jón Egilsson

Jökull Helgason

Hlöðver Hlöðversson

Guðni Halldórsson

Uppstillingarnefnd:

Stjórn Skugga.

Fulltrúar á UMSB þing:

Stjórn Skugga velji fulltrúa á þingið

Félags og hagagjöld.

Arnar Már gjaldkeri gerir grein fyrir tillögum um félagsgjöld og hagabeit.

„Tillaga stjórnar á aðalfundi Hmf. Skugga, 4. desember 2012

Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 4. desember 2012, samþykkir að úrgjöld fyrir árið 2013 verði:

Fullorðnir kr. 5.000,-

Makagjald kr. 2.500,-

Unglingar 13-16 ára kr. 2.500,-

Börn 12 ára og yngri Frítt

Félagsmenn 67 ára og eldri eru gjaldfrír frá árslokum þess árs sem þeir ná þeim aldri.

Greinargerð:

Innheimta árgjalda hefur gengið vel og telur stjórnin ekki ástæðu til að hækka árgjaldið að þessu sinni.“

Framkomin tillaga samþykkt samhljóða.

„Tillaga stjórnar á aðalfundi Hmf. Skugga, 4. desember 2012

Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 4. desember 2012, samþykkir að hagagjöld fyrir árið 2013 verði:

Sumarheit Kr. 2.500,- fyrir hestinn (Var kr. 2.300,-)

Haustbeit Kr. 2.000,- fyrir hestinn (Var kr. 1.700,-)

Heilsársbeit Kr. 4.000,- fyrir hestinn (Var kr. 3.400,-)

Greinargerð:

Stjórnin telur óhjákvæmilegt að hækka gjaldið fyrir hagabeit nú, þar sem kostnaður við girðingar hefur orðið nokkur undanfarið ár og fyrirsjáanlegt að töluverður kostnaðarauki er framundan vegna nýrra beitarsvæða og beitarsamningsins vegna Holts-landsins.

Áfram er gert er ráð fyrir að við nýjar girðingar útvegi félagið efni og uppsetningu, en leigutakar sjái sjálfir um endurbætur og viðhald á sinum girðingum. Einnig skulu leigutakar sjá um áburðargjöf í úthlutuðum hólfum.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Stefán Logi bar upp ályktun frá stjórn um dýrahald í hesthúsahverfinu.

„Ályktun

Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn í Félagsheimilinu Vindási, þriðjudaginn 04. desember 2012, fagnar „SAMÞYKKT um hesthús og umgengni í hesthúsahverfi í Borgarbyggð“, sem samþykkt hefur verið í sveitastjórn Borgarbyggðar og undirrituð af Umhverfisráðherra, þann 23. október 2012.

Samþykktir þessar hafa verið í undirbúningi frá árinu 2010 og hefur félagið verið fylgjandi því að slíkar samþykktir verði gerðar af hálfu sveitafélagsins, fyrir svæðið. Félagið lýsir sig samþykkt þessari reglugerð og telur hana horfa til framfara fyrir félagssvæði sitt.

Þó vill félagið beina því til sveitastjórnar að ákvæði í 2. grein samþykktanna, þar sem kveðið er á um að „í hesthúsunum skuli einungis halda hesta en ekki annað búfé“, verði frestað í framkvæmd, þar sem ljóst er að félagar í Skugga hafa nýtt hús sín í einhverju mæli fyrir sauðfé. Þykir félögum í Skugga eðlilegt að þeim félögum sé gefinn aðlögunartími, t.d. 2-3 ár, eða þar til sveitastjórn hefur fundið úrræði og skipulagt svæði fyrir búffjárhald með sauðfé, innan þéttbýlis hér í Borgarnesi. Hestamannafélagið Skuggi vill þar með hvetja sveitastjórn Borgarbyggðar til að slíkt svæði verði skipulagt hið fyrsta.

Stjórn Hmf. Skugga“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Helgi Helgason tók til máls og lýsti andstöðu sinni við tillöguna. Ámundi lýsti undrun sinni með þessa ályktun sem og ákvæði um rúlluplanið. Taldi til skammar fyrir sveitarfélagið að hafa viðhaft þessi vinnubrögð. Eins taldi hann það einkamál hvað væri gert í hesthúsunum ef það truflaði ekki nokkurn mann. Marteinn fór yfir tilurð þessarar reglugerðar sem um ræðir. Ingi Tryggvason taldi að einvörðungu ættu að vera hross í hverfinu því húsin væru byggð sem hesthús. Taldi hann að illa kynni að fara ef engar hömlur væru á dýrahaldinu. Finna þarf öðru dýrahaldi annan stað. Þó er rétt að gefa þessu einhvern aðlögunartíma að hámarki tvö ár.

Marteinn tók aftur til máls – þessar reglur eru til þess að hafa einhver verkfæri til að fara eftir hvað varðar umgengi í og við hesthúsahverfið.

Ályktunin er samþykkt með meginþorra atkvæða.

Formaður og fráfarandi form. æskulýðsnefndar færðu Magnúsi Níelssyni frá Gæðakokkum viðurkenningu fyrir frábæran stuðning í æskulýðsferðinni.

Ingi Tryggvason ræddi reiðhöllina og málefni hennar. Sagði að hestamönnum bæri skylda til að halda húsinu við. Hvatti hann hestamenn til að kaupa árskort sem veitir ótakmarkaðan aðgang að henni og styrkja þannig rekstur hennar. Allt stefnir í það að húsið verði skuldlaust í árslok 2014 og því skiptir hver króna máli. Hann þakkaði meðstjórnarmönnum sínum í Selási fyrir samstarfið sem og öðrum sem lagt hafa starfinu lið.

Sigurþór sagði frá Facebook síðu sem stofnuð hefur verið og hvatti menn til að skoða hana og taka þátt í umræðum þar.

Stefán Logi þakkaði framtak þeirra Berglindar og Auðar með Facebooksíðuna. Hann leitaði eftir því hjá fundarmönnum hvort gerðar væru athugasemdir við að hún birtist á heimasíðu. Svo var ekki..

Þakkaði hann því næst fundarmönnum fundarsetuna og samstjórnarmönnum sínum samstarfið. Sleit svo fundi kl. 22:40.